

Mál nr. 84/2018**M og****V1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Strandgötu við Fjörukrána í Hafnarfirði 14.1.2018****Gögn.**

Málskot móttakið 8.3.2018 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-3.

Bréf V-1, dags. 21.3.2018 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Bréf V-2, dags. 21.3.2018 ásamt fylgiskjöllum 1-4.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B á Strandgötu í Hafnarfirði á móts við Fjörukrána. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi ekið fram úr A og ekið á vinstra framhorn A þegar B var að aka aftur inn á hægri akrein. Ökumaður B segir ökumann A hafa hægt á sér og ekið út í hægri vegakant og hafi hann þá tekið framúr, en þegar hann hafi verið til móts við A hafi ökumaður hennar beygt í U-beygju og árekstur orðið. Ökumaður B lagði fram ljósmyndir af hjólförum í kjölfar árekstursins. Ökumaður A mótmælir sönnunargildi ljósmyndanna og segir þær teknar hálf tíma eftir áreksturinn.

Álit.

Ágreiningur er á milli ökumanna um aðdraganda árekstursins. Ekki liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning frá aðilum. Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi, en ekki er hægt að leggja þær til grundvallar varðandi sönnun á staðsetningu bifreiðanna eða akstri þar sem ekki liggur skýrt fyrir að þær séu teknar í beinu framhaldi af árekstrinum. Önnur sönnunargögn sem máli skipta varðandi staðsetningu bifreiðanna liggja ekki fyrir í málinu og af þeim sökum hefur ekki verið upplýst hver staða bifreiðanna var í aðdraganda árekstursins og er sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 17.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Jón Magnússon lögmaður.